



8

Gerir við reiðhjól í frítímum

# Lækkað verð

299 kr. allar tegundir

Krambúðin



# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 15. MAÍ 2024 // 20. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

Körfuboltinn flýgur hátt á Suðurnesjum þessa dagana hjá konum og körlum. Keflavíkurkonur eru komnar í úrslit um Íslandsmeistarátílinn á móti Njarðvík og hefst rimman í Bluehöllinni í Keflavík á fimmtudag 16. maí. Sara Rún Hinriksdóttir, einn lykilleikmanna Keflavíkur, fékk gott fagnaðarhandtak hjá hinni þrettán ára Lilju Líf Aradóttur eftir sigurleikinn gegn Stjörnunni í vikunni.

VF/pket



## Grindavík segir sig frá sorphirðu

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti samhljóða á síðasta fundi sínum að draga sig út úr samþykkt nr. 426/2005, samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum, sem er samþykkt allra sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 19. apríl 2005. Svíðsstjóra skipulags- og umhverfisviðs hefur verið falið að afgreiða málið.

Samþykktin hefur að gera með sorphirðu frá heimilum á Suðurnesjum, meðferð úrgangs frá fyrirtækjum og móttöku-stöðvar úrgangs á Suðurnesjum.

Um þessar mundir eru haldin heimili og gíst í tuttugu til þrjátíu húsum í Grindavík að staðaldrí.



Lítið notaðar sorphunnur í Grindavík.

■ Rekstur bæjarsjóðs Suðurnesjabæjar nánast samkvæmt fjárhagsáætlun:

## Meiri útsvarstekjur endurspegla aukinn kraft í atvinnulífinu

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar telur rekstrarafkomu ársins 2023 viðunandi miðað við aðstæður og þakkar starfsfólki Suðurnesjabæjar fyrir þeirra framlag í rekstri og starfsemi sveitarfélagsins. „Ársreikningur Suðurnesjabæjar 2023 ber með sér að efnahagur sveitarfélagsins er traustur, sem skapar forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu innviða og þjónustu við íbúa næstu misseri og ár,“ segir í afgreiðslu bæjarstjórnarinnar við síðari umræðu um ársreikning Suðurnesjabæjar 2023.

Rekstrartekjur í samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta námu 6.324 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að rekstrartekjur væru 5.873 milljónir. Rekstrar-

tekjur A-hluta bæjarsjóðs voru 5.983 milljónir en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að rekstrartekjur væru 5.580 milljónir króna. Rekstrar-niðurstaða í samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta er neikvæð að fjárhæð 39 milljónir króna en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að niðurstaðan væri jákvæð 29 milljónir. Rekstrarafkoma A-hluta bæjarsjóðs er neikvæð að fjárhæð 12 milljónir en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að niðurstaðan væri jákvæð að fjárhæð 43 milljónir króna. Eigið fé í árslok nam 4.348 milljónum króna, þar af nam eigið fé A-hluta 4.776 milljónum.

Rekstur málaflokka í A-hluta bæjarsjóðs var nánast samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Helstu neikvæðu frávik í rekstri í samanteknum

rekstrarreikningi A- og B-hluta miðað við fjárhagsáætlun felast annars vegar í hækkan lífeyrisskuldbindinga og afskrifta og hins vegar í rekstri eignasjóðs og B-hluta stofnana. Helstu frávik til aukinna tekna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun koma helst fram í meiri útsvarstekjum en áætlað var og endurspeglar það m.a. aukinn kraft í atvinnulífinu, auk þess sem fjölgun útsvarsgreiðenda skilaði auknum tekjum. Þá voru framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Íbúafjöldi í Suðurnesjabæ 1. desember 2023 samkvæmt lögheimilisráningu hjá Þjóðskrá var 4.036 og fjölgaði íbúum frá fyrra ári um 126, eða um 3,2%.

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBORG ÓSK  
ELINBORG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



## Strandveiðibát bjargað skammt frá landi í Garði

Upp úr klukkan þrjú á mánudag var áhöfn björgunarskipins Hannesar Þ. Hafstein kölluð út vegna aflvana strandveiðibáts rétt út af Garðskaga.

Skipverji hafði varpað akkeri til að forðast að reka í land. Báturinn var skammt frá landi þegar áhöfn björgunarskipins náði að koma taug í hann. Haldið var til Sandgerðis og tók siglingin þangað rúma klukkustund.

Nokkuð hvasst var við Garðskaga og álandsvindur, þannig að bátinn rak hratt að landi. Verkið var vandasamt fyrir áhöfn björgunarskipins, sem óttaðist um tíma að illa gæti farið. Verkið leystist þó farsælega og allir komu heilir heim.

Meðfylgjandi myndir voru teknar þegar Hannes Þ. Hafstein hafði tekið bátinn í tog. VF/Hilmar Bragi



## Eggert klippti á borðann við íþróttamiðstöðina

■ Ellefuhundraðasti rampurinn vígður í Vogum

Það var líf og fjör við félags- og íþróttamiðstöðina í Vogum þar sem rampur númer eitthúsund og eitthundrað í verkefninu Römpum upp Ísland var vígður. Eggert N. Bjarnason íbúi í Vogum klippti á borðann.

Þessi atburður markar tímamót í áttaknu „Römpum upp Ísland“, sem stefnir að því að byggja 1.500 rampa í þágu hreyfihamlaða fyrir 11. mars 2025. Átakið Römpum upp Ísland hefur nú reist 1.100 rampa og var sá fyrsti tekinn í notkun í maí 2021. Upphaflega var stefnt að því að reisa þúsund rampa en var sú ákvörðun svo tekin að ganga einu skrefi lengra og reisa eitt þúsund og fimmhundrað rampa.

Haft er eftir Gunnari Axel Axelsyni, bæjarstjóra í Vogum, að það hafi verið sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með þessum frábæra og metnaðarfulla verkefni sem hefur

orðið til þess að aðgengismál hafa loksins komist rækilega á kortið í okkar samfélagi: „Við í Vogum viljum að sjálfsögðu tryggja jafnt aðgengi allra að okkar stofnunum og þeirri þjónustu sem íbúum stendur til boða og tökum fagnandi þeirri hvatningu og stuðningi sem felst í verkefninu Römpum upp Ísland. Vonandi munum við einhvern tíma upplifa þann dag þar sem aðgengi hreyfihamlaðra verður svo sjálfsagður og eðlilegur hlutur að það þurfi ekki átak til og ég held að Römpum upp Ísland hafi tekist að fleyta okkur miklu hraðar og nær því markmiði. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka forsvarsfólki



Eggert N. Bjarnason, íbúi í Vogum, klippti á borðann.

Römpum upp Ísland og öllum sem hafa lagt því lið fyrir að hafa vakið samfélagið okkar til vitundar um mikilvægi þess að óþarfa hindrunum sé rutt úr vegi og við hugum alltaf að aðgengi fyrir alla þegar við vinnum að hönnum og framkvæmd samfélagslegra innviða.“



**Allt hreint**  
Umhverfissvöttuð ræstingarþjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

■ Bókanir í bæjarstjórn Reykjanesbæjar vegna ársreiknings 2023:

## Auknar skatttekjur og mikil hækkun á rekstrarkostnaði

Í bókun minnihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar á síðasta fundi hennar segir að ársreikningur Reykjanesbæjar liti í heild nokkuð vel út, með jákvæða rekstrarniðurstöðu.

„Tekjur eru 3,6 milljörðum hærri en á síðasta ári, og munar þar mest um auknar skatttekjur og framlög vegna flóttamanna.

Þegar skoðuð er fjárhagsáætlun og bókun meirihlutans vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 kemur fram að gert var ráð fyrir að tekinn yrði í notkun leikskóli í Dalshverfi III (Drekadalur) og íþróttahús og sundlaug við Stapaskóla. Hvorugt verkefnið gekk eftir og því hefur ekki orðið rekstrarkostnaður vegna þessara stofnana. Þrátt fyrir það vekur athygli að rekstrarkostnaður í ársreikningi er þremur milljörðum hærri en áætlun gerði ráð fyrir og eykst um 2,6 milljarða á milli ára.

Handbært fé lækkar mikið á milli ára og með þessu áframhaldi getur bæjarsjóður lent í vandræðum með að standa við skuldbindingar nema að til komi lánveitingar eins og þegar hefur verið samþykkt í bæjarráði.

Margrét Sanders, Guðbergur Reynisson, Helga Jóhanna Oddsdóttir Sjálfstæðisflokki, Margrét Þórarinsdóttir Umbót.



## Tvöfalt betri niðurstaða

„Jákvæð niðurstaða ársreiknings Reykjanesbæjar upp á 1,4 milljarða er tvöfalt betri niðurstaða en áætlanir gerðu upphaflega ráð fyrir,“ segir í bókun meirihluta bæjarstjórnar við afgreiðslu ársreiknings 2023 á síðasta bæjarstjórnarfundum.

Þar segir einnig:

„Í byrjun árs hefur verið mikið og hratt útstreymi fjármagns vegna framkvæmda en nefna má til að mynda:

Framkvæmdir við Myllubakaskóla 400 milljónir, framkvæmdir við Holtaskóla 190 milljónir, framkvæmdir við Stapaskóla, íþróttahús 200 milljónir, framkvæmdir við hjúkunarheimili 265 milljónir auk fleiri fjárfestinga.

Vegna fjárfestinga á árinu upp á 5,3 milljarða er fyrirséð að Reykjanesbær mun fara í lántöku á árinu líkt og lagt var upp með og fjárhagsáætlun 2024 ber með sér. Auk þess hefur verið lögð fram tillaga að innviðagjöldum í Reykjanesbæ

eins og tíðkast í mörgum öðrum sveitarfélögum til innviðaupbyggingar sem munu nema allt að 50 milljörðum á næstu 10 árum.

Reykjanesbær er að reisa tvo 120 barna leikskóla sem opna í ár auk þess að opna útibú Tjarnarsels við gamla barnaskólann okkar sem rúmar 20–25 börn. Meirihlutinn hefur sett sér það markmið að átján mánaða börn komist í okkar leikskóla á kjörtímabilinu.

Þegar rýnt er í aðalatriðin eru rekstrartekjur sveitarfélagsins 25 milljarðar en rekstrargjöld 21,9 milljarðar. Þannig er heilbrigður rekstur að tekjur duga fyrir gjöldum og það sé afgangur til staðar. Það erum við að gera því íbúar gera þá kröfu að rekstur sveitarfélagsins sé ábyrgur.“

Bjarni Páll Tryggvason (B), Díana Hilmarsdóttir (B), Guðný Birna Guðmundsdóttir (S), Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (B), Hjörtur M. Guðbjartsson (S) Sverrir Bergmann Magnússon (S) og Valgerður Björk Pálsdóttir (Y).

**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



ÞÉR ER BOÐIÐ  
Á AFMÆLISHÁTÍÐ  
**HÓTEL KEFLAVÍK**

*Var á*  
**VATNSNESI**

**17. MAÍ 2024**  
OPIÐ HÚS KL 15:00-18:00

Til að fagna **38 ára** afmæli Hótel Keflavík bjóðum við upp á glæsilega dagskrá & tilboð fyrir bæjarbúa alla helgina. Við hvetjum gesti til að skoða útisvæði **Vatnsneshússins** og svo stöðu framkvæmda á nýju lúxus heilsulindinni okkar, **KEF SPA & Fitness**, sem opnar von bráðar.

**Föstudagurinn 17. maí:**

**Matur** á boðstólnum frá veisluþjónustu KEF Restaurant  
**Fljótandi veigar** í boði Mekka & Ölgerðin  
**DJ Manelo** heldur uppi stemningunni  
Jazzbandið **Þríó** töfrar fram ljúfa tóna

**Laugardagurinn 18. maí:**

**Blaðrarinn** skemmtir börnunum í barnabröns

**Helgin 17.-19. maí:**

**Þriggja rétta** afmælisæðill á KEF Restaurant  
Tilboð á **afmælisköku** með blysi  
Afmæliskokteillinn **1986** á 1986kr alla helgina  
**KEF Bjór** á 600kr

Verið hjartanlega velkomin

HÓTEL KEFLAVÍK - VATNSNESVEGUR 12-14 - 230 KEFLAVÍK - S: 4207000

# Hérastubbur opnar á ný

„Gerum hæfilegar væntingar og bökkum kannski eldgosabrauð,“ segir Siggi Hérastubbur bakari.

## VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



Sigurður Enoksson, sjálfur Hérastubbur bakari, er enn á ný búinn að opna bakarið sitt í Grindavík en hann hefur gert nokkrar tilraunir í vetur. Hann viðurkennir að úthaldið sé farið að minnka og hugsanlega mun hann ljúka leik á Íslandi ef ekki fer að glæðast og gæti endað í Englandi. Það myndi henta honum vel en hann er einn ef ekki dyggasti aðdáandi enska knattspyrnu-liðsins Arsenal og er einmitt formaður klúbbsins.



Siggi var með konuna og syni sína með sér þennan fimmtudagsmorgun. Hann reynir ekki að þræta fyrir að vera farinn að lýjast eftir atganginn í Grindavík í vetur og nokkra flutninga.

### Boð um að opna í Englandi

„Já, ég er ekki af baki dottinn en viðurkenni fúslega að þetta hefur tekið á. Hvert áfallið af fætur öðru, fjárhagslegt tjón vegna rafmagnsleysis og viðskiptin hafa auðvitað hrunið en mér reiknast til að veltan eftir fyrstu fjóra mánuði síðasta árs hafi verið um 60 milljónir, hún er nær núlli en einni milljón á þessu ári.“

Maður er hálfpartinn neyddur til að koma svo það grotni ekki allt hér niður, þetta rekur sig ekki sjálf. Ég er orðinn sextugur og hef velt fyrir mér hvort þetta sé rétti tímunkturinn að segja þetta bara gott og jafnvel að prófa að búa í öðru landi. Mér stendur til boða að opna bakari í Englandi, hver veit nema við munum vanda okkar kvæði í kross og setjast að þar, þá verður líka styttra fyrir mig að sækja leiki Arsenal.“

### Ekki miklar væntingar

Við ætlum að gera þessa tilraun til opunar núna en ég ætla ekki að gera mér of miklar væntingar. Það er ekki gíst í nema um tuttugu húsum í Grindavík en sem betur fer er talsverð atvinnustarfsemi farin í gang. Ég sé alveg fyrir mér ef bærinn myndi opna að nóg yrði



að gera, ég er sannfærður um að erlendir ferðamenn munu flykkjast til Grindavíkur og landinn eflaust líka. Það var skotið af mér góðri hugmynd, ég ætti að búa til nýtt brauð sem ég myndi nefna eldgosabrauðið eða eitthvað álíka, bakað í hitanum af eldgosinu. Ég er viss um að þetta brauð færi hraðar út en heitu lummurnar,“ segir Hérastubburbakarinn sem skipti nýlega um orkusala og segist spara verulega fjármuni á því. „Mér var bent á síðu, aurbjorg.is, sem býður upp á samanburð á öllu á milli himins og jarðar, t.d. á tryggingum og svo rafmagni. Ég skipti yfir til Straumlindar og hef náð að lækka rafmagnskostnaðinn umtalsvert. Rafbílaeigendur ættu að láta kanna þetta hjá sér, Straumlind býður upp á 30% ódýrara rafmagn yfir nóttina. Svona var þetta hér áður fyrr, þá fengu bakariin ódýrara rafmagn á nóttunni því þá voru flestir sofandi.“

### Leiðist keyrslan

Siggi segir að ef bærinn verði ekki opnaður sé spurning fyrir hann að stefna á að opna einhvers staðar á höfuðborgarsvæðinu. „Mér leiðist þessi keyrsla en við búum í Reykjavík. Hálf nóturlegt að þurfa keyra eldsnemma til Grindavíkur til að baka, bara til að flytja svo vöruna aftur til baka eftir hádegi en maður er tilbúinn að leggja ýmislegt á sig svo reksturinn gangi. Ég hef verið í viðræðum við keðjur í Reykjavík, við höfum verið mjög vinsæl í vegan-vörunum okkar og hafa stórar keðjur sýnt því mikinn áhuga. Það þýðir ekkert annað fyrir mig en líta bara björtum augum til framtíðarinnar en hvort hún liggi í Grindavík eða á Íslandi yfir höfuð, kemur bara í ljós,“ sagði Siggi að lokum.



## Grindvíkingar kjósa forseta í Reykjaneshæ

Grindvíkingar munu kjósa í Reykjaneshæ í forsetakosningunum laugardaginn 1. júní næstkomandi. Að þessu sinni er kosið að Skógarbraut 945, Reykjaneshæ (húsi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á Ásbrú). Kjörstaður opnar kl. 10:00 og lokar kl. 21:00. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríki á kjörstað.

Kjörskrá liggur frammi almenningi til sýnis í afgreiðslu bæjarskrifstofa Grindavíkurþéttbýlis (Tollhúsinu), frá mánudeginum 13. maí fram að kjördegi.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakjörs fer fram á skrifstofum sýslumanna, um land allt. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á höfuðborgarsvæðinu fer eingöngu fram í Holtagörðum 1. hæð.

## MATREIÐSLUMADUR Í MIÐLÆGT ELDHÚS Í REYKJANESBÆ



Skólamatur ehf óskar eftir að ráða matreiðslumann í teymið sitt með frábæru fagfólki í miðlægt eldhús sitt í Reykjaneshæ.

Vinnutíminn er alla jafna frá kl. 6:00 til 15:00 alla virka daga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið fellst í undirbúningi, framleiðslu og eldun á skólamáltíðum fyrir leik- og grunnskóla ásamt frágangi og öðrum tilfallandi verkefnum í eldhúsi.

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í matreiðslu eða sambærileg reynsla og/eða menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Brennandi ástríða fyrir mat og matargerð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningabréf.

Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið.

Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnir um starfið og umsóknir berist í gegnum [radningar@skolamatur.is](mailto:radningar@skolamatur.is).

Umsóknir berist í gegnum Alfreð.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Skólamatur ehf er fjölskylduvænt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og framreiðslu á máltíðum fyrir mikilvægasta fólkið.



## NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS



Eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**FRÍÐRIK GRÉTAR ÓSKARSSON,**  
frá Norðfirði,  
Hringbraut 94B, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 11. maí.  
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Karólína Guðnadóttir**  
**Þórunn K. Árnadóttir**  
**Guðný Svava Friðriksdóttir** **Valur Ingimundarson**  
**Kristinn Geir Friðriksdóttir** **Björg Hilmarsdóttir**  
barnabörn og langafabörn.



# Allt fyrir helgina!

Tilboðin gilda 16.–20. maí

**nettó**

Lamba-framports-sneiðar í jurtakryddi

**1.759** kr/kg

2.199 kr/kg

20%



**nettó**

Heiðmerkur kryddað lamba-sirloin, í sneiðum

**2.079** kr/kg

2.599 kr/kg

20%



20%

Bökunarkartöflur

**255** kr/kg

319 kr/kg



**KJÖTSEL**

20%

Kjúklingabringa í maríneringu

**1.839** kr/kg

2.299 kr/kg



**nettó**

20%

Kryddaðar grísakótilettur

**1.999** kr/kg

2.499 kr/kg



**nettó**

20%

Þurrkryddaðar lambalærissneiðar

**2.823** kr/kg

3.529 kr/kg



Heilsuvara vikunnar

25%

Nordaid vítamín- og bætiefnasprey



**Opið alla hvíta-sunnuhelgina**

**Krossmói**

Opið 10–19

**Íðavellir**

Opið 10–21



Betra verð með appinu!



**nettó**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



M H Ð U Ö N U S Í V T T O R B  
 U A I T R É A M O K R U D N E  
 D L R Ý Ó U É S Ð Y P Ö R S S  
 N T A K T J M B F O A S Ó R S  
 Í R M G T K É Ó R Ö N R M U A  
 M A U R A R Á B D R O U A D S  
 G Ú S U S A J S U Ó K Ð R N T  
 A Á R K Æ Ö S K U R K A N U A  
 R S U S R T Ú Æ F R I R K H Ð  
 U T L N T N A L Ö F E D Ó Ö I  
 Ð Ú Ð A H A G A F E L L S Ð R  
 A G Ú D Ú F N A A G M A N D A  
 D B N S U F Ú M F L É D N Á N  
 Ú U P A Ð Æ L S R U D L A N D  
 S O N U R I T L O B U F R Ö K

- |             |            |
|-------------|------------|
| SUNÐHNÚKUR  | MARK       |
| BROTTVÍSUN  | DÓMUR      |
| HAGAFELL    | NÚÐLUR     |
| BESSASTAÐIR | KÖRFUBOLTI |
| ÖSKUR       | DAÐUR      |
| ÞORBJÖRN    | LEIKKONA   |
| DANSKUR     | BÁRA       |
| ENDURKOMA   | RANNSÓKN   |
| RÚM         | ILMA       |
| ALDRABUR    | NÁND       |

**Gangi þér vel!**

# Mikill fjöldi af bátum í slippnum

AFLAFRÉTTIR Á SUÐURNESJUM

Gísli Reynisson  
gisl@aflafrettir.is

Það má segja að allt sé komið á fullt núna útaf strandveiðibátunum því mjög stór hluti af þeim flota hefur verið á veiðum og flestir frá Sandgerði, yfir 50 bátar hafa verið að landa þar sem eru á strandveiðunum.

Erling KE heldur áfram á netunum og gengur nokkuð vel, hann er kominn með 161 tonn í níu róðrum og mest 33 tonn í einni löndun. Öllum aflanum er landað í Keflavík. Halldór Afi GK er með 12,1 tonn í sjó róðrum.

Reyndar er búið að taka Halldór Afa GK upp í slippinn í Njarðvík og setja bátinn á deildina sem ég kalla dauðadeildina en mikill fjöldi af bátum er staðsettur þar í slippnum í Njarðvík, smúr bátanna þar hafa staðið þar í mörg ár. Fyrr í vetur voru tveir bátar í þeim hópi, Hafnartindur SH og Staðarvík GK og voru þeir bátar rifnir þar.

Reyndar var stálbáturinn Máni DA málaður hátt og lágt, hann stendur líka í þessari deild í slippnum í Njarðvík. Smávegis kvóti er eftir á Halldóri Afa GK, um 128 tonn.

Það er búið að vera frekar rólegt hjá dragnótabátunum í maí og aflahæstur af þeim í Sandgerði er Maggý VE með 53 tonn í fimm róðrum og mest 18 tonn. Siggí Bjarna GK með 40 tonn í þremur og mest 20 tonn. Sigurfari GK með 26 tonn í þremur róðrum, Benni Sæm GK með 25 tonn í tveimur róðrum og Aðalbjörg RE með 26 tonn í fjórum róðrum.

Togurunum hefur gengið nokkuð vel en út af mikilli óvissu um hvað náttúran gerir næst í Grindavík hafa flestir togararnir landað í Hafnarfirði, þar kom



Tómas Þorvaldsson GK með 788 tonn og Hrafn Sveinbjarnarson GK með 748 tonn. Hjá Tómasi var mest af þorski, eða 275 tonn, og hjá Hrafn var 258 tonn af þorski og 227 tonn af ufsa.

Í Hafnarfirði hafa bátar sem eru í eigu fyrirtækis sem er frá Grenivík líka landað. Það heitir Gjögur en þó svo að fyrirtækið sé á Grenivík hafa bátarnir frá Gjögri átt sér mjög langa sögu í Grindavík því þeir hafa landað þar lengi. Gjögur var stofnað árið 1946 og fyrstu tveir bátarnir sem fyrirtækið átti voru Vörður TH 4 og Von TH 5. Á þessum árum voru bátar frá Þingeyjarsvæðinu skrásettir TH, í kringum 1955 breyttist TH yfir í ÞH og bátarnir þaðan eru í dag ÞH.

Vörðar-nafnið sem var á fyrsta bátunum sem Gjögur eignaðist og hefur fylgt fyrirtækinu alla tíð síðan og núna árið 2024, gerir fyrirtækið út tvo togara og annar þeirra heitir Vörður ÞH. Hinn heitir Áskell ÞH. Gjögur gerði út 70 tonna eikarbát í 31 ár sem hét Áskell ÞH en sá bátur var smíðaður árið 1959 og var gerður

út til 1990, mest allan tíman frá Grindavík.

Oddgeir ÞH er líka nafn á báti sem að Gjögur gerði út. Þó svo að allir þessir bátar séu skráðir með heimahöfn á Grenivík þá hefur Grindavík mestmegnis verið aðallöndunarhöfn bátanna, reyndar var það þannig fyrstu árin frá 1946 að bátarnir frá Gjögri stunduðu línuveiðar um haustið og veturinn frá Grenivík og voru svo á síld og komu þá lítið til Grindavíkur.

Reyndar gerir Gjögur líka út uppsjárskipið Hákon EA í dag en það nafn hefur fylgt fyrirtækinu í fjöldamörgum ár og núverandi Hákon EA var skipt út árið 2001 fyrir bát sem hét þá Hákon ÞH. Nýr Hákon ÞH er í smíðum í Danmörku. Aftur á móti hefur núverandi Hákon EA lítið sem ekkert komið til löndunar í Grindavík því lönduverksmiðjan sem var þar brann og var rifin árið 2005.

Núna í maí hafa togarar Gjögurs báðir landað í Hafnarfirði. Áskell ÞH er með 157,2 tonn og Vörður ÞH með 154,5 tonn, báðir í tveimur löndunum.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bílaveiðgerðir Smurþjónusta Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRARAR ÓSKAST**

Vörumiðlun óskar eftir meiraprófsbílstjóra til starfa.

Bæði föst störf og sumarafleysingar í boði.

**VÖRUMIÐLUN**

Nánari upplýsingar veitir Haraldur í síma 840-7781, sudurnes@vorumidlun.is

HVAÐ ER SUMAR?

# GRILL- LYKTI Í LOFTINU

Tilboð á völdum grillum  
16.- 22. maí

**Broil King**  
Great Barbecues Every Time



Kw			
6,8	3	46x31	

**GEM S310**

**NÚNA -25%**  
**57.746**  
76.995

Vnr. 50657519

**NAPOLEON**



Kw			
12	3	51x46	

**FREESTYLE 365  
GRAPHITE**

**NÚNA -20%**  
**79.996**  
99.995

Vnr. 506600023

**NAPOLEON**



Kw		
2	37x54	

**RAFMAGNS-  
GRILL PRO285**

**NÚNA -20%**  
**39.916**  
49.895

Vnr. 506600025

**NAPOLEON**



Kw			
12,3	3	60x45	

**ROGUE  
R425PK SVART**

**NÚNA -20%**  
**95.996**  
119.995

Vnr. 506600036

**NAPOLEON**



Kw			
16,6	4	73x45	

**ROGUE 525  
SVART**

**NÚNA -20%**  
**143.996**  
179.995

Vnr. 506600049

**NAPOLEON**



Kw				
19,6	4+1	73x45		

**ROGUE XT525  
IR SVART**

**NÚNA -20%**  
**203.996**  
254.995

Vnr. 506600071

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

**AFGREIÐSLUTÍMI HVÍTASUNNUDAG 19. MAÍ - LOKAÐ**  
**AFGREIÐSLUTÍMI ANNAN Í HVÍTASUNNU 20. MAÍ - 9-15**

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

# Gerir við reiðhjól í frítímum

Svanur Már Scheving er vel þekktur hlaupa- og hjólreiðakappi í Reykjaneshæ og má sjá honum bregða fyrir hlaupandi eða hjólandi allan ársins hring, sama hvernig viðrar. Það eru fáir sem standast Svani snúning en hann hjólaði m.a. hringinn kringum Ísland fyrir fáeinum árum. Nú hefur Svanur opnað hjólaverkstæði á Smiðjuvöllum í Reykjaneshæ en þá þjónustu hefur sárlega vantað í bæinn.

## Hjól þurfa sitt viðhald

„Ég auglýsti mig og svo spyrst þetta einfaldlega út,“ segir Svanur en talsverður erill hefur verið hjá honum síðan hann opnaði hjólaverkstæðið sitt á Smiðjuvöllum í byrjun síðasta mánaðar. „Það koma alltaf fleiri og fleiri með hjól til mín. Það er virkilega gaman hvað fólk tekur þessu vel.“



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is

Það hefur verið mikil þörf á svona þjónustu í bæinn, sérstaklega núna þegar skólarnir eru að klára.

„Já og allir að fara af stað. Þessi þjónusta þarf að vera til staðar,



hjólið bilar alveg eins og bíllinn. Það þarf að smyrja bíllinn og sinna viðhaldi, þetta er alveg eins.“

## Hvernig fólk hefur verið að leita til þín?

„Þetta hefur verið allskonar fólk; eldra fólk, fólk á miðjum aldri eða fólk að koma með hjólin fyrir börnin.“

Svanur segir að hann muni jafnvel fljótlega fara að selja ný reiðhjól. „Ég ætlaði nú ekki að byrja á því strax en fólk hefur verið að spyrja um þetta og mögulega tek ég fljótlega inn hjól í samstarfi við Örninn. Þar fæ ég alla varahluti og þeir bakka mig upp.“

## Hvernig dast þú inn í hjóla- viðgerðir, er það bara eitthvað sem þú hefur verið að fikta við í gegnum tíðina?

„Já, ég er nú búinn að vera mikið að hlaupa og hjóla og ég hjólaði til dæmis hringinn fyrir fjórum árum. Víkurfréttir fjölluðu meðal annars um þessa ferð mína og það var með fyrstu greinunum af fólki að ferðast innanlands þegar Covid var í gangi.“


Mig langaði alltaf að gera þetta og notaði tækifærið þegar Covid var og engir útlendingar á veginum. Ég hef nú gert ýmislegt yfir ævina en þetta er eitt það allra skemmtilegasta sem ég hef gert, ég naut hvorrar einustu mínútu af ferðinni,“ segir Svanur en ferðin

tók tólf daga í heildina, tíu dagar fóru í að hjóla hringinn en tvo daga notaði hann til að heimsækja ættingja á Akureyri.

Svanur sinnir hjólavíðgerðunum utan hefðbundins vinnutíma en hann starfar í Vatnaveröld í Reykjaneshæ. „Ég er í vinnu sem ég er ánægður með og þetta er bara svona auka. Svo hef ég mann til að hjálpa mér ef reynir á það. Ég sinni öllu vel sem ég tek mér fyrir hendur,“ segir Svanur og bætir við að lokum að hann sé með Facebook-síðu þar sem hann setur reglulega inn hvenær hann er á staðnum og fólk geti komið með hjól á þeim tímum.



Svanur við Jökulsárlón á hringferð sinni um Ísland sumarið 2020.



## Múrari/verkamaður – Reykjaneshæ

**Epoxy Gólf** leitar af jákvæðum og duglegum starfsmanni. Unnið er með bæði epoxy, flotefni, polyurethane og microsement.

### Starfslýsing:

- Gólflagnir með tveggjaþátta efni
- Flotun gólfa
- Lögn á Microsementi
- Múrviðgerðir

### Kröfur um:

- Stundvísir
- Sjálfstæði
- Metnaðarsemi
- Reglusemi
- Sveigjanleiki
- Jákvæðni
- Með ökuréttindi

Tekið skal fram að unnið er töluvert út á landi.

Áhugasamir sendi tölvupóst á epoxygolf@epoxygolf.is eða hafi samband í síma 519-8970.

**Epoxy Gólf** is looking for an employee to do flooring work. Working with both epoxy, self-levelling cement, polyurethane and microcement.

### Job description:

- Flooring with two-component materials
- Putting down self-levelling underlayment
- Applying microcement
- Concrete repairs

### Requirements for:

- Punctuality
- Independence
- Ambition
- Orderliness
- Flexibility
- Positivity
- With drivers license

It should be noted that work is also done in the country side.

Interested send email to epoxygolf@epoxygolf.is or call 519-8970.





# Kári á Fish House opnar tvo nýja staði

„Það þýðir ekkert að leggjast í kör og grenja, maður verður bara að bjarga sér,“ segir veitingamaðurinn Kári Guðmundsson, oftast kenndur við stað sinn Fish house í Grindavík. Það er lítið að gera í Grindavík, þess vegna ákvað Kári að opna stað í Reykjavík með sama nafni og svo bauðst honum að taka við rekstri annars staðar í Mosfellsbæ sem heitir Bankinn. Eftir að hafa rekið staðinn í smá tíma ákvað hann að kaupa reksturinn.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

„Ég veit ekkert hvenær við getum hafið rekstur aftur í Grindavík og það borgar mér enginn laun á meðan. Félagi minn benti mér á húsnæði í Pósthússtræti í Reykjavík og ég stökk á það, gat loksins opnað staðinn í apríl. Ég var að vonast eftir að geta hafið rekstur í febrúar en að koma leyfinu í gegn var ansi flókið, kerfisbáknið í Reykjavík er stórt og mikið. Þetta verður finni veitingastaður, getur tekið rúmlega 40 manns í sæti og ég mun láta hann heita sama nafni og staðurinn í Grindavík, Fish house. Þegar ég var í miðjum framkvæmdum var mér svo bent á þennan stað í Mosfellsbæ, Bankann. Ég hitti eigendurna á fundi og ég gat eiginlega ekki sagt nei við þessu tækifæri, staðurinn var búinn að vera í flottum rekstri og það var ekkert annað fyrir mig að gera en labba inn 1. janúar og taka við rekstrinum. Ég leigði reksturinn til að byrja með en er nýlega búinn að festa kaup á honum. Ég verð með hlaðborð í hádeginu alla virka daga, það eru mörg fyrirtæki í nágrenninu svo þetta passar vel við það en svo koma auðvitað líka inn gestir af götunni, ætli Íslendingar séu ekki u.þ.b. 90% kúnna. Þegar boltinn er í gangi er frábær aðstaða til að sýna leikina, ég get verið með allt að þrjú leiki í gangi í einu á stórum skjám og svo er hægt að halda tónleika hér og böll þess vegna. Hljómburðurinn hér inni er mjög góður, Stebbi Jak var einmitt með tónleika um daginn, í kvöld er ég með konukvöld svo það verður nóg að gera held ég.“

Hvernig er annars staðan á húsnæði Fish house í Grindavík og hvernig sér Kári framtíð bæjarins fyrir sér?

„Það eru skemmdir á húsnæðinu og þarf að laga þær áður en ég gæti opnað aftur, það var hluti

ástæðunnar fyrir að opna þessa nýju staði. Það mun taka einhvern tíma að laga húsnæðið í Grindavík ef eða þegar við getum opnað þar aftur. Ég sá ekki ástæðu til að mæta á fundinn sem haldinn var um daginn með atvinnurekendum, það var meira fyrir fyrirtækin sem eru að fara hefja starfsemi. Það er ekki verið að fara hleypa túristum strax inn í Grindavík, þeir voru langstærsti hluti minna viðskiptavina. Ég hef ekki trú á að það muni gerast á næstunni, svæðið er stórhættulegt, ég sé breytingar á mínu húsi nánast í hvert skipti sem ég kem heim. Stóru sprungurnar eru að breytast, allt svæðið er á hreyfingu og meðan svo er held ég að það verði ekki hleypt inn í bæinn. Ég og mín fjölskylda erum að leigja í Fossvoginum, ég geri ráð fyrir að við göngum að þessu tilboði ríkisstjórnarinnar og seljum húsið en hvar við munum setjast að erum við ekki búin að ákveða á þessum tímamarki. Það er nóg að gera í þessu hjá mér núna og verður á næstunni, tala nú ekki um fyrst ég er búinn að opna Fish house í Pósthússtræti. Ég hlakka til að taka á móti Grindvíkingum þar og í Mosfellsbæ, ég lít framtíðina björtum augum,“ sagði Kári að lokum.

## SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR FORSETAKOSNINGAR LAUGARDAGINN 1. JÚNÍ 2024

Kjörskrá liggur frammi almenning til sýnis, frá föstudeginum 10. maí fram að kjördegi, á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Voga, löndal 2.

Kosningarétt við forsetakjör eiga þeir kjósendur sem eiga kosningarétt sbr. 3. gr. kosninglaga nr. 112/2021.

Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands.

### KOSIÐ ER Í STÓRU-VOGASKÓLA

Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki.

**KJÖRSTAÐUR OPNAR KL. 10:00 OG LOKAR KL. 22:00.**

Fram að kjördegi er hægt að kjósa utan kjörfundar á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma.

Að gefnu tilefni er Grindvíkingum með aðsetur í Vogum bent á að kjörstaður Grindvíkinga er í Reykjanesbæ.

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Voga



## FORSETAKOSNINGAR laugardaginn 1. júní 2024

### Kjörskrá og kjörstaðir í Suðurnesjabæ

Kjörskrá í Suðurnesjabæ vegna forsetakosninga sem fram fara þann 1. júní 2024, liggur frammi almenningi til sýnis í ráðhúsunum í Garði og Sandgerði frá 10. maí og fram að kjördegi.

Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Einnig er bent á [kosning.is](http://kosning.is) - Hvar á ég að kjósa?

Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár.

Kjörfundur fyrir kjósendur í póstnúmerum 245 og 246 Sandgerði er í Sandgerðisskóla.

Kjörfundur fyrir kjósendur í póstnúmerum 250 og 251 Garður er í Gerðaskóla.

Sérstök athygli er vakin á að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á að fá ekki að greiða atkvæði.

Kjördagur forsetakosninga 1. júní 2024.

**Kjörstaðir opna kl. 09:00 og loka kl. 22:00.**

Á kjördag mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur í Sandgerðisskóla sími 893 3730

Yfirkjörstjórn Suðurnesjabæjar



SUÐURNESJABÆR

## NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
magasín



**Ungmenni vikunnar**  
Nafn: Una Bergþóra Ólafsdóttir  
Aldur: 15 ára  
Bekkur og skóli: 10. bekkur Stapaskóli  
Áhugamál: Fótboldi

Una Bergþóra Ólafsdóttir er fimmtán ára og frábær, eins og hún segir sjálf. Una segist vera líklegust til að verða fræg því hún stefnir á að ná langt í fótbolda. Una Bergþóra er ungmenni vikunnar.

## Stundar knattspyrnu af lífi og sál

**Hvert er skemmtilegasta fagið?**  
Stærðfræði.

**Hver í skólanum þínum er líkleg(ur) til að verða fræg(ur) og hvers vegna?**  
Ég, af því að ég stefni langt í fótbolda.

**Skemmtilegasta saga úr skólanum:**  
Þegar við krakkarnir hrekkum kennarana með því að fela púltin þeirra, þannig að þau fundu þau ekki þegar þau mættu í kennslu um morguninn. Við hlógum mjög mikið þann morgun.

**Hver er fyndnastur/fyndnust í skólanum?**  
Við vinkonuhópurinn erum mjög fyndnar en hún Hafdís stendur upp úr.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt?**  
Ekki stinga mig af með Friðrik Dór.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?**  
Reykt lambalæri.

**Hver er uppáhaldsbiómyndin þín?**  
Anyone but you.

**Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna?** Fótbolda, svo ég geti haldið á lofti og æft mig, kærastann, svo ég geti spilað fótbolda með honum og ég myndi líka bara sakna hans og bát.

**Hver er þinn helsti kostur?**  
Ég er traust og félagslynd.

**Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja?** Að geta farið á milli staða einn tveir og þingó.

**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Mér finnst mikilvægt að fólk sé fyndið, umburðarlynt og traustsins vert.

**Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?** Ég stefni á að fara á íþróttabraut í FG og kannski íþróttasálfræði í framtíðinni.

**Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)?** Ég stunda knattspyrnu af lífi og sál.

**Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það?** Frábær.



## Stinningskaldi hittist á Papas í Grindavík

„Okkur fannst eðlilegt að keyra stemninguna frekar upp á Papas í Grindavík, heldur en að hittast í Reykjanesbæ,“ segir einn forsprakka Stinningskalda sem er stuðningsmannasveit Grindavíkur í íþróttum, bæði í körfu- og fótbolda.

**VF GRINDAVÍK**

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



Á engan er hallað ef félagarnir Friðrik Sigurðsson og Helgi Leó Leifsson, eru teknir út fyrir sviga í Stinningskalda en þessi stuðningsmannasveit hefur vakið verðskuldaða athygli síðan í fyrra þegar eitthvað fæddist. Friðrik lýsti upphafinu og fór yfir út af hverju hópurinn vildi keyra stemmarann upp á Papas í Grindavík.

„Við byrjuðum þetta í úrslita-keppninni í körfuboltanum í fyrra þegar Grindavík mætti Njarðvík. Við höldum síðan áfram inn í fótboldatímabilið og höfum í raun ekki horft til baka síðan þá. Stemningin í kringum körfuboltann í vetur hefur verið á öðru „level-i“ og náðum við oft upp feiknalegri stemningu í nýja íþróttahúsinu í Grindavík. Við létum gera fána fyrir uppáhaldsleikmanninn okkar, Deandre Kane en á fánanum stendur „King Kane“. Auðvitað breyttist síðan margt í nóvember en við höfum samt haldið stuðningnum við liðið áfram og munum



fylgja þeim út tímabilið og vonandi fagna Íslandsmeistaratitli.

Fyrir leik númer tvö vorum við mættir á Brons og tókum svo stemninguna í hliðarsalnum. Við hugsuðum með okkur að við værum Grindvíkingar og ættum auðvitað bara að styðja við okkar menn á Papas, þá Gylfa og Þormar. Ég bar hugmyndina undir þá félagi og það stóð ekki á viðbrögðunum. Aður en við vissum af var búið að græja rútu fyrir okkur úr Reykjavík sem beið eftir okkur eftir leik og skutlaði okkur í bæinn. Mig grunar að Stebbi og Sandra í Einhamar Seafood hafi átt þátt að máli þar en stuðningur þeirra við körfuknattleiksdeildina og okkur í Stinningskalda hefur verið frábær í allan vetur. Þeirra vegna finnst mér að liðið okkar eigi skilið að verða Íslandsmeistari og ég er bjartsýnn á það,“ sagði Friðrik að lokum.



**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 7.JÚNÍ**

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR HEIMAVIST.IS

FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STAÐAR AÐ AF LANDINU

**STUTT Í ALLT**

HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

HLÍÐARFJALL VEITINGARSTABUR

7 MÍNÚTUR

8 MÍNÚTUR

BIÖHÚS

VEIÐSLANIR

3 MÍNÚTUR

KARFTIHÚS

LYSTIGARBURINN

8 MÍNÚTUR

VMA



Tek að mér garðslátt um öll Suðurnes.

Tómas 770-0277.

Komdu í áskrift!

# Suðurnesjaperlur á vortónleikum Vox Felix

Vox Felix flutti Suðurnesjaperlur á vortónleikum kórsins í Stapa 8. maí. Þétt söngdagskrá kórsins stóð yfir í tvær klukkustundir og nær fullsetinn Stapi naut hverrar mínútu á skemmtilegum tónleikum.

Kórinn er skipaður mörgum flottum söngvurum en tólf þeirra

stigu fram og sungu hin ýmsu lög eftir tónlistarfólk frá Suðurnesjum í gegnum tíðina. Lokalagið gerðu þau frábærlega þar sem kórinn söng eftirminnilegt lag Rúnars Júlíussonar „Það þarf fólk eins og þig“ sem sjá og heyra má hér með fréttinni.



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

## Karлакórinn og lóan

Karлакór Keflavíkur á það sameiginlegt með lóunni að hann sýnir sig alltaf á vorin en kórinn var með tvenna tónleika í byrjun maí í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Á tónleikum var tenórinn Rúnar Guðmundsson sérstakur gestur en hann söng einsöng og fór mikinn í hinu frábæra lagi Hamraborgin. Eins sungu nokkrir karlakórsméðlimir einsöng. Tónleikarnir voru vel sóttir og Víkurfréttir litu við, smelltu mynd og tóku upp lag.

## Sigrún mætir með Korda Samfóníu í Hörpu

Hljómsveitin Korda Samfónía heldur tónleika í Hörpu 2. júní en sveitinni stjórnar Keflvíkingurinn Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths, stofnandi og listrænn stjórnandi MetamorPhonics í London.

Á þremur starfsárum hefur Korda Samfónía orðið að þekktum og reglulegum lið í íslensku tónlistarlífi. Árlegir tónleikar hljómsveitarinnar hafa fengið frábæra dóma og þá var Korda Samfónía tilnefnd til Íslensku Tónlistarverðlaunanna fyrir „debut“ tónleikana sína 2022 og fékk hvatningarverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna á degi íslenskrar tónlistar 1. des 2023 fyrir að nýta tónlist og miðla henni á skapandi máta til að efla fólk til frekari virkni í samfélaginu.

Hljómsveitarmeðlimir Kordu Samfóníu eru nemendur Listaháskóla Íslands og fólk á mismunandi stöðum í endurhæfingu eftir lífsbreytandi áföll og heilsuþrest. Tónlist Kordu Samfóníu er áhrifarík og kraftmikil, samin af hljómsveitarmeðlimum í sameiningu!

Korda einkennist af jafnrétti; vingjarnlegu, stuðningsríku og skapandi andrúmslofti þar sem fólk vinnur saman, skapar, lærir, styrkist og vex.

Korda er samstarfsverkefni MetamorPhonics, Listaháskóla Íslands, Tónlistarborgarinnar Reykjavík, Hörpu og starfsendurhæfingamiðstöðvum víðsvegar um landið. Verkefnið er styrkt af

Borgarsjóði, Styrktarsjóði geðheilbrigðis, Lýðheilsusjóði og Tónlistarsjóði.

Í janúar 2024 veitti Rannís Listaháskóla Íslands viðamikinn, þriggja ára rannsóknarstyrk til að rannsaka verkefni MetmorPhonics, listræna stjórnun og áhrif á bæði þátttakendur í endurhæfingu sem og á nemendur í háskólanámi. Verkefninu er stýrt af Listaháskóla Íslands en aðrar menntastofnanir sem taka þátt eru York St John háskólinn í Norður Bretlandi, Háskólinn á Bifröst og Guildhall Listaháskólinn í London.

Fyrsti viðburður rannsóknarverkefnisins fer fram á Listahátíð í Reykjavík, þar sem fagaðilum úr heilbrigðis- og listageiranum verður boðið að taka þátt í skapandi ferli Kordu Samfóníu með meðlimum hljómsveitarinnar fyrir framan áhorfendur. Áhorfendur og þátttakendur geta stöðvað ferlið á hvaða tímupunkti sem er til þess að spyrja spurninga um það sem fram fer eða ræða áhugaverð augnablik ferlisins.

Tónleikarnir verða í Silfurbergi í Hörpu og hefjast kl. 19:30. Miðasala er á harpa.is



Það þarf fólk eins og þig - var eitt af mörgum Suðurnesjalögum sem Vox Felix flutti í Stapa.

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

## Tollverðir í Keflavík

### Lifandi störf í litríku umhverfi



Stöður tollvarða í Keflavík eru lausar til umsóknar hjá Skattinum - Tollgæslu Íslands. Störf tollvarða eru fjölbreytt og lifandi sem henta traustu og ábyrgu fólki af öllum kynjum.

Reynsla og þekking úr öðrum störfum nýtist vel í starfi tollvarða. Háskólamenntun er einnig eftirsóknarverð þar sem í mörgum verkefnum er lögð áhersla á greiningarhæfni, talnalæsi, tölfraði, skýrslugerð og tölvufærni.

Í tengslum við ráðningu tollvarða þurfa umsækjendur að þreyta inntökuþróf/líkamsgetuþróf, en gert er ráð fyrir að prófin fari fram í Hafnarfirði í viku 23 (3. – 7. júní). Nánari tímasetning verður gefin upp um leið og umsóknarfrestur rennur út. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið á vefslóðinni: <https://www.skatturinn.is/um-rsk/tollskoli-rikisins/inntokuprof>

Tollgæslan sér um eftirlit með inn- og útflutningi vara samkvæmt tollalögum. Eftirlitinu er ekki eingöngu framfylgt til að innheimta tolla og gjöld af vörum heldur einnig til þess að framfylgja öryggisráðstöfunum, umhverfissjónarmiðum, neytendavernd, hugverkarétti, menningar- og náttúruvernd.

Tollgæslan hefur eftirlit og stöðvar ólöglegan innflutning fikniefna og annan ólöglegan innflutning. Tollgæslan hefur samvinnu í slíkum málum við lögreglu, landhelgisgæsluna og aðrar viðeigandi ríkisstofnanir.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á áhættu í vöru- og farþegaflæði og úrvinnsla gagna.
- Sérhæfðar leitir m.a. með gegnumlýsingarbúnaði, svo sem í farangri og í vörusendingum.
- Almennt tolleftrilít á vettvangi, svo sem í flugstöð, flugvélum, vöruhúsum og á hafnarsvæðum.

#### Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til jafns við það.
- Greiningarhæfileikar.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samviskusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Íslenskur ríkisborgararéttur.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Tollvarðafélag Íslands hafa gert.

Umsækjendur um starf tollvarðar þurfa auk ofangreinds að hafa náð 20 ára aldri sem og að geta framvísað hreinu sakavottorði.

Ferilskrá þarf að fylgja, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir svo umsókn teljist fullnægjandi. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Starfshlutfall er 100%

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, yfirtollvörður, í tölvupósti á [gdun.s.rikardsdottir@skatturinn.is](mailto:gdun.s.rikardsdottir@skatturinn.is)

Umsóknarfrestur er til og með 27.5.2024.

Skatturinn  
Tollgæslan



Upplýsingaver opið:  
Mán.-fim. 9:00-15:30  
Fös. 9:00-14:00



# Nýr hnakkur fyrir fatlaða og gleðin skein úr andlitum

Fatlaðir og reiðmennska er samstarf milli Hestamannafélagsins Mána, Reykjanesbæjar, Hæfingarstöðvarinnar og Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum. Í nokkur ár hefur Hestamannafélagið Máni boðið fötluðum að koma og kynnst hestamennsku þeim að kostnaðarlausu. Þau fá að kemma, læra að leggja á, moka, fara á hestbak og fleira sem viðkemur hestamennsku.



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is

Íslenski hesturinn er talinn hafa marga kosti sem nýtist vel við þjálfun fatlaðra. Hreyfingar hestsins færast yfir í knapann sem situr hestinn og mjaðmagrind knapans hreyfist svipað og á sér stað í göngumynstri. Hesturinn veitir knapanum um 90 til 100 göngusveiflur á mínútu og hafa erlendar rannsóknir sýnt að hreyfifærni knapans eru m.a. aukinn liðleiki í neðri hluta líkamans, betri höfuð- og bolstjórn og jafnvægisviðbrögð.

Hestamannafélagið Máni hefur allan búnað sem þarf til að fatlaðir komist á bak. Þar hefur verið til hnakkur í mörg ár sem er sérniðinn að þörfum fatlaðra en kominn var tími á nýjan hnakk.



Hnakkurinn sem Hæfingarstöðin keypti fyrir hluta af styrknum frá Góðgerðarfesti Blue Car Rental.

Hæfingarstöðin, sem er dagþjónustuúrræði sem gefur einstaklingum með langvarandi stuðningsþarfir tækifæri til þess að auka hæfni sína til starfa og taka þátt í daglegu lífi, fékk veglegan styrk eftir síðasta Góðgerðarfest Blue Car Rental og var ákveðið að nota hluta af styrkfjárhæðinni til að kaupa nýjan hnakk sem er sérhannaður fyrir fatlaða og er smíðaður af Brynjólfi hjá Leðurverkstæðinu Hlöðutúni.

Í síðustu viku var svo komið að því að taka hnakkinn í notkun. Boðið var til móttöku í reiðhöll Hestamannafélagsins Mána þar sem mætti hópur fólks frá Blue Car Rental til að sjá hvernig stuðningnum frá Góðgerðarfestinu er m.a. varið. Það var Ástvaldur Ragnar Bjarnason, íþróttamaður Suðurnesjabæjar 2023, sem reið á vaðið og tók fyrstu hringina um reiðhöllina í nýja hnakknum og gleðin skein úr andlitum allra viðstaddra.

## Að finna gleðina og þakklætið er allt

„Þetta er ein af ástæðum þess að við erum í þessu, að sjá í hvað fjármunirnir eru að fara. Að finna þakklætið og gleðina er ástæðan fyrir því að við stöndum í þessu og höfum gert þrjú ár í röð. Öll árin og jafnvel lengur höfum við styrkt Hæfingarstöðina sem er að bjóða okkur hingað í dag. Hæfingarstöðin hefur alltaf verið okkur hugleikin. Ég kann enga skýringu á því. Þetta er bara frábært verkefni sem er heiður að fá að styðja og taka þátt í,“ segir Þorsteinn Þor-



Gleðin var ósvikin þegar Ástvaldur Ragnar Bjarnason skellti sér á hestbak í nýja hnakknum.

steinsson, framkvæmdastjóri Blue Car Rental.

## Hvað er þetta að gefa ykkur?

„Þetta er bara gleðin. Nýverið fengum við þakkarpóst frá einum aðila sem hlaut styrk frá Góðgerðarfestinu og það var bara nóg. Þetta var einlægur þakkarpóstur og þetta drifur mann áfram að gera þetta áfram ár eftir ár. Þetta er sannarlega vinna þessar hátíðir sem við höldum en þetta er skemmtileg vinna og það er gaman að sjá í hvað fjármunirnir fara og að fá þakkar fyrir, veitir okkur mikla gleði.“

## Samneyti við hestana veitir gleði

Guðrún Halldóra Ólafsdóttir, kölluð Dódó, er matráður hjá Hæfingarstöðinni og starfar í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk á Suður-

nesjum. Hún hefur lengi verið í hestamennsku og í gegnum starf hennar hjá Hæfingarstöðinni var leitað til hennar með að fatlaðir fengu að kíkja í hesthúsið. Þetta vatt fljótt upp á sig og í dag er stór hópur fatlaðra sem kíkir reglulega í hesthúsið og sinnir hrossunum. Það vilja ekki allir fara á bak en það er ýmislegt annað sem hægt er að gera til að komast í nánd við hestana.

Dódó segir að það sé fyrst og fremst gleði sem samneyti við hestana skapi. „Þá hafa hestarnir, eins og öll önnur dýr, vissan lækningarmátt.“ Þá er Dódó fullviss

um að hestarnir skynji aðstæður. Þannig er til dæmis merin sem Ástvaldur fór í reiðtúrinn á. Það ræður enginn við hana en hún er pollróleg undir börnum og fötluðum.“

Stuðingurinn frá Góðgerðarfesti Blue Car Rental hefur breytt miklu fyrir þetta hestastarf Hæfingarstöðvarinnar. Eldri hnakkurinn er frá árinu 2001 og þarfnast yfirhalningar. Nýi hnakkurinn er með öðru lagi og þeir sem sitja hann upplifa meira öryggi og fylgja betur hreyfingum hestsins. „Þessi hnakkur er allt annað líf,“ segir Guðrún Halldóra, Dódó, að endingu.



Magnús Sverrir Þorsteinsson, einn eigenda Blue Car Rental, er efni í góðan hestamann. Hann skellti sér á bak í reiðhöllinni og tók einn hring.



Nýi hnakkurinn veitir góðan stuðning og öryggistilfinningu.

Fallað verður um hnakkinn í þætti vikunnar

SUÐURNESJA  
VF **magasín**

## VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

## Framkvæmdaeftirlit á Reykjanesi

Óskum eftir bygginga-, tækni-, eða verkfræðingi í eftirlit með framkvæmdum á starfsstöð Verkís í Reykjanesbæ.

Starfið felur í sér eftirlit með fjölbreyttum framkvæmdaverkefnum s.s. húsbýggingum, samgöngumannvirkjum og veitum.

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræðingur, tækni- eða verkfræðingur
- Reynsla af eftirliti eða hönnun í mannvirkjagerð er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

### Nánari upplýsingar veita:

Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is og Guðrún Jóna Jónsdóttir, gjj@verkis.is.

Úmsóknarfrestur er til og með 26. maí 2024





**25%**  
**AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM GRANÍT  
LEGSTEINUM Í MAÍ

# GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 \* 220 Hafnarfjörður \* [granitsteinar@granitsteinar.is](mailto:granitsteinar@granitsteinar.is) \* sími: 5445100





## Dómarabúningurinn í þvottavélina

Þarf að grípa þau sem hætta í körfu um tvítugt og fá þau í dómgæslu, bæði stráka og stelpur, segir Njarðvíkingurinn Birgir Örn Hjörvarsson, einn yngsti körfuboltadómari landsins.

„Ég er ekki sá hávaxnasti svo ég sá sæng mína upp reidda sem leikmaður og sneri mér að dómgæslu,“ segir Birgir Örn Hjörvarsson, sem er einn yngsti dómari í úrvalsdeildunum í körfuknattleik. Hann er fæddur og uppalinn í Reykjanesbæ, æfði og spilaði með Njarðvík en sá ekki fram á mikinn frama sem leikmaður og ákvað því að skella sér í dómabúninginn í staðinn. Hann hvetur ungt körfuknattleiksfolk til að ihuga dómgæslu ef það ætlar sér ekki alla leið sem leikmaður, það vantar alltaf dómara og ef áhugi er fyrir hendi er dómgæsla mun skemmtilegri aukavinna en vinna á búðarkassa.

Dómgæslan kom óvænt upp má segja hjá Birgi.

„Ég var að dæma í fjöllidamóti í Njarðvík og Keflvíkingurinn Jón Guðmundsson sem var dómari, var að þjálfanna annað liðið sem ég dæmdi hjá. Eftir leikinn sagði hann við mig að ég ætti að leggja dómgæslu fyrir mig, hann sagðist hafa séð mig dæma aðra leiki og ég væri með þetta í mér. Á svipuðum tíma var KKÍ að halda dómara námskeið og Njarðvík ákvað að borga námskeiðið fyrir mig og tvo aðra. Dómara námskeiðið var haldið yfir helgi og strax á mánudeginum fékk ég skilaboð frá einum í dómara nefnd KKÍ og mér tjáð að ég hefði pakkað námskeiðinu saman og dómara nefndin vildi setja mig á leik í unglingsflokkum nokkrum dögum seinna. Það var skrytið að dæma hjá stelpum sem sumar voru eldri en ég, mamma þurfti að skutla mér í leikinn því ég var ekki kominn með bílpróf en leikurinn gekk vel hjá mér. Ég æfði og spilaði með Njarðvík fyrsta árið og dæmdi samhliða en þar sem ég er ekki hæstur í hæðum og sá að mín biði ekki farsæll ferill sem leikmaður, ákvað ég að kveðja leikmanninn og einbeita mér að dómara nefnd og sé ekki eftir því.“

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

### Dómarafjölskyldan

Fyrstu verkefni dómara eru hjá unglingsflokkum og þvældist Birgir um öll Suðurnesin fyrstu tæpu tvö árin. Það kom að því að hann fékk verkefni í Reykjavík og í framhaldi fékk hann verkefni í meistaraflokkum, fyrst í fyrstu deild kvenna, svo karlamegin en svo var stór munur að dæma í úrvalsdeildunum því þar eru þrjú dómara í hverjum leik.

„Ég fékk strax mjög góð viðbrögð frá öðrum dómurum, þessum reynsluboltum eins og Sigmundi Má Herberts, Kidda Óskars, Rögnvaldi Hreiðars og fleirum. Það kom mér skemmtilega á óvart þegar ég mætti á minn fyrsta haustfund dómara, ég var frekar stressaður að hitta allar þessar kánónur en dómara hugsa mjög vel um hvorn annan, þetta er eins og fjölskylda og mér var strax vel tekið. Þessir reyndu dómara buðust til að koma á leiki þar sem ég var að dæma til að gefa mér góða punkta. Þegar ég byrjaði að dæma voru þetta kannski tveir leikir á mánuði en eftir því sem reynsla mín jókst komu fleiri verkefni og áður en varði voru þetta orðin verkefni annan hvern dag. Tímabilið 2018/2019 byrjaði ég að dæma í fyrstu deild kvenna, Bryndís Gunnlaugs frá Grindavík grínast með að hún hafi nánast ættleitt mig í körfuboltann, ég dæmi mikið hjá ÍR þar sem hún var aðstoðarþjálfari. Rétt fyrir áramót 2019 fékk ég fyrsta verkefnið í fyrstu deild karla og var farinn að dæma reglulega þar og fékk svo loksins verkefni í úrvalsdeild kvenna tímabilið '20/'21. Það var mikið stökk að fara yfir í úrvalsdeildina, því þar eru alltaf þrjú dómara en í öllum öðrum deildum og flokkum eru bara tveir dómara. Gæðin voru líka miklu meiri í úrvalsdeildinni, öll lið með útlending á meðan kannski ekkert lið var með erlendan leikmann í fyrstu deildinni. Nokkrir rangir dómara á útlending leiddi kannski til þess að viðkomandi var rekinn heim fyrir slæma frammistöðu, svo það var öðruvísi pressa að byrja dæma á hæsta stiginu. Munurinn lá samt mest í þriggja dómara kerfinu. Það er

mikill munur að dæma þannig, allar staðsetningar öðruvísi og til að byrja með kom fyrir að ég ruglaðist hvar ég ætti að standa í vítaskoti t.d., maður stendur hægra megin í vítum í tveggja dómara kerfi en stundum vinstra megin í þriggja. Það er talað um að það þurfi u.þ.b. 50 leiki til að komast vel inn í þriggja dómara kerfið og í dag er ég kominn með það mikla reynslu að lítið mál er að svissa á milli. Þegar mest var dæmdi ég kannski leik á mánudegi og þriðjudegi í unglingsflokkum, svo í Subway-deild kvenna á miðvikudegi, Subway-karla á fimmtudegi og í fyrstu deild á föstudegi. Það var auðvitað of mikið til lengri tíma lítið og ég þurfti að gera upp við mig hvort ég ætlaði að verða meistaraflokksdómari og í dag er ég nánast eingöngu að dæma í úrvalsdeildunum,“ segir Birgir Örn.

### Vantar dómara

Umræðan í körfuknattleikssamfélaginu er venjulega alltaf þannig að það vanti dómara. Birgir vill sjá fleiri unga dómara af báðum kynjum bætast í dómara fjölskylduna.

„Því miður eru ekki margir ungir dómara eins og ég að koma upp, það vantar alltaf dómara. Talað er um að dómara ferillinn geti varað til u.þ.b. 55 ára aldurs, Simmi og Kiddi er t.d. um 55 ára gamlir, svo eru dæmi um eldri kempur eins og Björn Leósson sem er rúmlega sextugur en dæmir ungungis í yngri flokkum þessa dagana. Það vantar meiri nýliðun og ég myndi vilja sjá fleiri ungmenni sem hafa verið í körfubolta, ihuga að leggja dómaraflautuna fyrir sig. Ferill dómara getur verið miklu lengri en ferill leikmanns og fyrir þann sem hefur áhuga á körfubolta er þetta frábært tækifæri til að sinna áhugamálinu og fá greitt fyrir það í leiðinni. Ég hef ekki þurft að stunda aðra vinnu samhliða háskólanámi mínu, dómgæslan hefur dugað mér og ég get alla vega sagt fyrir mig að það er mun skemmtilegra að vinna við að dæma í körfuknattleik en vinna á búðarkassa í Bónus. Sumir fara í stjórnarstörf hjá félögum og það er auðvitað frábært en ég hvet alla til að prófa dómgæsluna. Ég myndi ekki segja að það sé skilyrði að þú hafir æft körfubolta til að geta orðið dómari, en það hraðar uppgangi að vera með leikskilninginn sem fyrirverandi leikmaður eða þjálfari. Oft tekur dómara svolitinn tíma að fá tilfinningu fyrir leiknum en hún kemur en klárlega er kostur að hafa æft og spilað áður en farið er í dómara búninginn.“

### Dómgæsla erfiðari í dag vegna samfélagsmiðla?

Áhuginn á körfuknattleik á Íslandi fór upp í nýjar hæðir þegar Stöð 2 Sport byrjaði að fjalla um leikina í svokölluðum körfuboltakvöldum með sérfræðinga innanborðs. Þá eru til ótal spjallgrúbbur á samfélagsmiðlum þar sem körfuknattleiksunndur ræða sín á milli allt milli himins og jarðar varðandi körfuknattleik, t.d. dómgæsluna.

„Ég held að það sé erfiðara að vera dómari í dag en hér áður fyrir vegna samfélagsmiðla en gömlu ferirnir eru ekki sammála því, þeir segjast í staðinn hafa fengið það óþvegið beint í andlitinu ef viðkomandi stuðningsmaður var ekki sáttur við dómgæsluna. Ég er sem betur fer búinn að læra að taka umræðu á samfélagsmiðlum ekki inn á mig, þetta fer á dómara búninginn sem fer svo í þvottavélina. Það er kannski frekar aðstandendur manns sem taka skítkast á mig inn á sig. Ég held að það sé bæði skemmtilegra og erfiðara að vera dómari í dag vegna athyglinnar sem íþróttin fær, fyrir fimmtán árum var kannski einn leikur sýndur í mánuði og athyglin miklu minni. Í dag þegar úrslitakeppnin er á fullu, hefur maður á tilfinningunni að allir landsmenn séu að fylgjast með og auðvitað gerir það starf dómara meira spennandi en líka erfiðara. Það er mikil pressa á okkur að standa okkur en við kvörtum ekki yfir því. Þegar mikið er undir er eðlilegt að tilfinningar fljóti en mér finnst að allir eigi að geta haft hugfast að á enda dagsins er þetta nú bara leikur, það á ekki að þurfa vera skítkast eftir leiki vegna frammistöðu okkar dómara eða leikmanna, það gera allir mistök, bæði leikmenn og dómara og það er hluti af leiknum. Mikilvægast er að allir eru að reyna að gera sitt besta. Stundum er eins og myndist ákveðin gjá á milli okkar dómara og annarra í körfuknattleikshreyfingunni og ég myndi vilja sjá alla leggjast á eitt til að brúa það bil. Hugsanlega væri gott að það væri einhver milliliður á milli dómara og hinna, við megum eðlilega ekki fara inn á Subway-spjallið og taka þátt í samræðum



**Ferill dómara getur verið miklu lengri en ferill leikmanns og fyrir þann sem hefur áhuga á körfubolta er þetta frábært tækifæri til að sinna áhugamálinu og fá greitt fyrir það í leiðinni ...**

þar og stundum veit ég að skýring frá okkur myndi oft á tíðum leysa viðkomandi hnút.

Það koma alltaf upp atvik í leikjum og í kjölfar leikja þar sem aðilar geta gert betur, þá á ég við bæði við dómarnir, forráðamenn félaganna og ekki síst KKÍ en verðum við að treysta því að allir séu að reyna gera sitt besta. Ég hef að sjálfsögðu gert mistök og ég man eftir einum leik þegar ég hálf brotnaði saman eftir hann á leiðinni heim. Ég gerði mér grein fyrir að ég hafði gert mistök, hringdi í annan meðdómara minna í leiknum og viðurkendi mistök mín og sá hinn sami hughreysti mig, sagði að þeir hefðu allir lent í þessu og málið væri bara að læra af mistökunum. Eftir því sem reynslan eykst gengur manni betur að tækla svona stöðu betur og ég er þannig í dag að ef mér er bent á að ég hafi gert mistök, hika ég ekki við að snúa dómnum við og/eða viðurkenna mistökin, það er miklu betra heldur en að hanga á einhverju eins og hundur á roði.“

### Meiri harka leyfð í úrslitakeppni?

Oft virðist sem meiri harka sé leyfð þegar komið er út í úrslitakeppni en Birgir segir að aldrei sé tekin ákvörðun fyrir úrslitakeppni um að leyfa meiri hörku. Samt er skýring á öllu.

„Þetta er frábær spurning, ég hef jú heyrð þessa umræðu en að sjálfsögðu er það ekki þannig að við dómarnir komum saman í aðdraganda úrslitakeppni og ákveðum að nú skulum við leyfa meiri hörku. Þegar út í úrslitakeppni er komið er miklu meira undir, leikirnir skipta meira máli og þá viljum við að bestu leikmennirnir geti verið inni á vellinum. Okkar prinsipp er að missa frekar af villu á móti því að dæma lélega villu, kannski svipað og tíðkast í almennu réttarríki, þar er viðkomandi bara dæmdur sekur ef sekt er sönnuð, hann er ekki dæmdur á líkum. Í venjulegum deildarleik skiptir ekki eins miklu máli ef tvær til þrjár lélegar villur eru dæmdar en þegar úrslitakeppnin er byrjuð er mikilvægara að rétt villa sé dæmd, í stað þess að léleg villa sé dæmd og þá eru auðvitað meiri líkur á að sumar villur sleppi í gegnum nálaraugað. Sumir tala um körfuknattleik sem leik án snertinga, það er ekki rétt því við tölum um leik án ólöglegra snertinga. Leikmenn vanda sig betur þegar úrslitakeppnin er byrjuð, leggja meira á sig og spila eflaust fastar og það má líka alveg, það má bara ekki vera ólöglega fast.

Ég er ánægður með framgang minn til þessa, ég fékk að dæma þrjá leiki hjá körlum og þrjá leiki hjá konum í átta liða úrslitum í þessari úrslitakeppni, ég fékk einn leik í undanúrslitum, það er frábært fyrir dómara ekki eldri en ég er. Ég geri ekki ráð fyrir að fá fleiri leiki, það eru þeir reynslumestu sem eðlilega fá leikina en það gæti skipt máli fyrir mig hvort Njarðvík eða Valur fer í lokaúrslitin. Þó svo að við dómarnir séum ekki lengur skráðir í ákveðin félög, þá reynir dómara nefndin að láta ekki mig og Simma t.d., dæma fyrir Njarðvík því það er vitað að við erum þaðan. Hins vegar væri ósanngjarnt gagnvart Njarðvík að fá ekki Simma sem ég tel einn besta dómara landsins, til að dæma sína leiki. Við eigum jú að gæta hlutleysis og gerum það en ef dómara nefndin getur sleppt því að láta Njarðvík dæma leik hjá Njarðvík, þá er það gert. Vonandi er það samt breyting sem kemur til með að verða í náinni framtíð. Í fyrra var ég gerður að FIBA prospect [dómari sem FIBA telur efnilegan] á vegum KKÍ sem þýðir að ég er í prógrammi sem á að stuðla að því að ég verði alþjóðlegur FIBA-dómari, ég stefni á að komast þangað í september á næsta ári. Ég hlakka til að þroskast og þróast í dómara hlutverkinu og hlakka til framtíðarinnar,“ sagði þessi efnilega dómari að lokum.

## Knattspyrnusamantekt

### Besta deild kvenna:

Keflavík tapaði naumlega fyrir Íslandsmeisturum Vals í Bestu deild kvenna eftir að hafa leitt 1:0 í hálfleik með marki Elfu Karenar Magnúsdóttur (35'). Valskonur skorðu tvö mörk á fyrstu fimmtán mínútum síðari hálfleiks og þrátt fyrir þunga sókn Keflavíkur undir lokin urðu mörkin ekki fleiri.

Keflvíkingar eru án stiga í neðsta sæti eftir fjórar umferðir en leikur þeirra við Þór/KA í fimmtu umferð fór fram eftir að Víkurfréttir fóru í prentun.

### Lengjudeild karla:

Njarðvíkingar unnu glæsilegan 3:0 sigur á Dalvík/Reyni í miklum baráttuleik í Lengjudeild karla fyrir helgi.

Heimamenn komust yfir á markamínúttunni þegar Kaj Leo Bartalstovu átti góða sendingu á fjarstöng og Jaou Ananias Jordao Junior kastaði sér fram og skallaði í netið (43').

Gunnar Heiðar Þorvaldsson, þjálfari Njarðvíkinga, gerði tvöfalda breytingu á 85. mínútu og það skilaði árangri eftir einungis þrjár mínútur þegar Freysteinn Ingi Guðnason fiskaði vítaspurnu. Diouck steig á punktinn og skoraði örugglega (88').

Hann skoraði aftur skömmu síðar eftir góða pressu heimamanna og klaufagang í vörn gestanna (90').

Grindvíkingar tóku á móti ÍR í fyrsta heimaleik Grindvíkinga á Stakkavíkuvelli í Safamýri og komust snemma yfir með skallamarki Kwame Quee í leiknum (10').

Í uppbótartíma var dæmd vítaspurn á Grindavík sem ÍR jafnaði úr (90'+2). Svekkjandi 1:1 jafntefli hjá Grindavík sem er í áttunda sæti

Keflavík tapaði með einu marki gegn engu fyrir Gróttu á Sel-tjarnarnesi og deila botnsætinu með Leikni, stigalausir eftir tvær umferðir.

Keflvíkingar áttu erfitt með að brjóta vörn Gróttu á bak aftur og eftir um hálf tíma leik var mark dæmt af Keflavík vegna rangstöðu.

Gróttu komst yfir skömmu síðar eftir góða stungusendingu inn fyrir vörn Keflavíkur þar sem Tómas Orri Róbertsson var á auðum sjó



Baráttusigur Njarðvíkinga á Dalvík/Reyni var gulltryggður þegar Freysteinn Ingi Guðnason var felldur inni í teig gestanna og víti dæmt. VF/JPK

gegn Ásgeiri Orra Magnússyni, markverði Keflavíkur, sem kom engum vörnum við (38').

Keflavík missti mann af velli í seinni hálfleik og átti sláarskot í lok leiks en vörn Gróttu hélt út og Gróttumenn sluppu með skrekkin.

### Lengjudeild kvenna:

Grindavík vann fyrsta sigur sinn í Lengjudeild kvenna þegar Grindvíkingar tóku á móti HK á Stakkavíkuvelli í Safamýri. Fyrirlíðinn Una Rós Unnaradóttir skoraði eina mark leiksins (7').

Sigur Grindvíkinga er ábyggilega kærkominn en liðið hefur verið að missa óvenjumarga leikmenn í meiðsli að undanförunu, sem dæmi eru þær Dröfn Einarsdóttir og Ísabel Jasmin Almarsdóttir að glíma við beinbrot, Dröfn er með brotið bringubein og Ísabel Jasmin er ristarbrotin, og verða því báðar frá í einhvern tíma.



Á meiðslalista. Ísabella Jasmin mætir á leik Grindavíkur og HK en meiðsli eru að setja strík í reikninginn hjá Grindavíkum. Mynd/Petra Rós Ólafsdóttir

# MAGGI TÓKA OG HÁMUNDUR ÖRN MÆTAST Í ÚRSLITUM

Undanúrslitin í tippaleik Víkurfréttu fóru fram um helgina og kom greinilega í ljós að „kálið er ekki sopið þó í ausuna sé komið“. Forystusauðirnir tveir, þeir Grétar Ólafur Hjartarson og Gunnar Már Gunnarsson, voru eflaust búnir að ákveða hvað þeir skyldu skoða í London samhliða að mæta á úrslitaleikinn í FA cup á milli Manchester-liðanna United og City. Eftir frábæra frammiðstöðu í tippaleiknum í vetur voru þeir báðir sjálfsgagt sigurvissir en voru laglega teknir í bólinu af Magga Tóka sem vann Grétar 10-8 og Hámundi Erni Helgasyni sem vann Gunnar Má 9-6. Við þökkum fyrrum liðsfélögunum Grétari og Gunnari Má kærlega fyrir góða frammiðstöðu í vetur.

Einn Íslendingur af 24 náði þrettán rættum og það var hann sami sig upp úr rúmum 3,2 milljónum króna. 29 af 830 sem náðu tólf réttum keyptu seðilinn á Íslandi, fær hver tæpar 35 þúsund krónur.

Þá er ekkert eftir nema sjálfur úrslitaleikurinn. Víkurfréttir tóku

stöðuna á Magga Tóka og Hámundi. Þar sem Hámundur endaði í þriðja sæti fékk hann fyrstur orðið.

„Ég er búinn að svifa um á bleiku skýi síðan á laugardaginn þegar ég sá að ég hafði rúllað Gunnari Má upp. Ég verð að viðurkenna að ég átti von á meiri mótspyrnu frá honum, sem telur sig vera voðalegan getraunaspeking. Það er greinilega ekki það sama að sjá um getraunastarfið fyrir Grindavík með frábærum hætti og vera góður að tippa. Að klikka svona eins og hann gerði á ögurstundu, ég átti von á meiru frá Gunna. Ég mæti áfram með auðmýktina að vonni í úrslitaleikinn á móti Magga Tóka, hann er greinilega sjóðandi heitur þessa dagana og ég þarf að kafa djúpt í reynslubrunn minn til að vinna hann á sunnudaginn,“ sagði Hámundur.

„Að sjálfsgöðu er ég ánægður með að koma mér í úrslitaleikinn. Ef ég man rétt þá heldur Hámundur ekki með Manchester United og þar sem ég veit að þú, blaðamaður Víkurfréttu, ert United-stuðningsmaður eins og ég,

### 2. deild karla:

Reynismenn gerðu góða ferð til Dalvíkur um helgina og unnu sigur á Kormáki/Hvöt.

Sindri Þór Guðmundsson kom Reyni yfir (20') en heimamenn jöfnuðu skömmu síðar (29').

Kristófer Páll Viðarsson kom Reynismönnum í forystu á ný með marki í uppbótartíma fyrri hálfleik (45'+2) og Hubert Rafal Kotus innsiglaði sigurinn með þriðja markinu á 58. mínútu.

Þróttur lenti undir snemma í leiknum (8') þegar Höttur/Huginn mætti í Vogana um síðustu helgi.

Mirza Hasecic kom í veg fyrir tap með marki í uppbótartíma (90'+4) og tryggði Þrótti fyrsta stigið í deildinni í ár en tvær umferðir hafa verið leiknar.

Reynir er með þrjú stig og Þróttur eitt stig þegar tvær umferðir hafa verið leiknar.

### 3. deild karla:

Víðir tapaði fyrir Kára í annarri umferð þriðju deildar með tveimur mörkum gegn engu.

Fyrri hálfleikur var markalaus en Víðismenn misstu mann af velli undir lok hans (42'). Þetta nýttu Káramenn vel og skorðu tvívegis í þeim seinni (77' og 85').

Víðir er í áttunda sæti með eitt stig.

### 4. deild:

Nýliðar RB töpuðu naumlega fyrir Hamarsmönnum frá Hveragerði í fyrsta leik í fjórðu deild karla. Þetta var fyrsti leikur RB í fjórðu deild eftir að hafa sigrað fimmtu deildina á síðasta ári.

## 1X2 „DRUMAD Á PRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

finnst mér eins og það sé skrifað í skýin að ég vinni Hámund og ég og þú fögnum glæstum sigri okkar manna á móti City á Wembley. Ég hlakka mikið til að fara í þessa ferð,“ sagði Maggi Tóka.



Maggi	Seðill helgarinnar	Hámundur
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Arsenal - Everton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.City - West Ham	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Liverpool - Wolves	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Brentford - Newcastle	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Brighton - Man.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Chelsea - Bournemouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Utd. - Tottenham	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Crystal Palace - Aston Villa	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Luton - Fulham	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Burnley - Nott.Forest	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Inter - Lazio	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Real Betis - Real Sociedad	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Lille - Nice	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>



## Hafnaði í þriðja sæti í golfmóti á Flórída

- Þrettán ára kylfingur úr GS tók þátt í Hurricane Junior Golf Tour

Ingi Rafn William Davíðsson, þrettán ára kylfingur úr Golfklúbba Suðurnesja, tók þátt í Hurricane Junior Golf Tour á Red Tail golfvöllinum í Flórída í mars síðastliðnum og náði þar góðum árangri en hann endaði í þriðja sæti í sínum flokki. Þetta var í fyrsta skipti sem Ingi Rafn tekur þátt í golfmóti erlendis og var þetta skemmtileg reynsla og góð byrjun á golf tímabilinu. Með frammistöðu sinni vann hann sér keppnisrétt á þremur golfmótum sem fram fara í Flórída og Chicago seinna á árinu.



Ingi Rafn stundar ætlan að æfa og keppa sem mest í sumar til að lækka forgjöfina.

Ingi Rafn er búinn að vera duglegur að æfa golf inni í vetur en einnig var hann iðinn við að sækja golfmót víðsvegar um landið síðasta sumar. Þá var hann alls með 32 keppnishringi og lækkaði forgjöfina talsvert. Þetta hefur tvímælalaust hjálpað Inga Rafni á Red Tail golfvöllinum í Flórída en golfvöllurinn er mjög langur og þröngur, það hentaði Inga Rafni einkar vel en hann lenti sjaldan í vandræðum og hiti flestar brautar. Það var svo mikil spennan á síðustu holunum þegar Ingi Rafn náði að tryggja sér þriðja sætið með einu höggi.

„Ég hef reynt að mæta á allar inniæfingarnar í vetur og stundum tek ég tvöfalda æfingu ef ég get. Mér finnst þó miklu skemmtilegra að spila golf úti og því var mjög gaman að geta spilað golf í Flórída í góðu veðri og keppa við kylfinga frá öðrum löndum,“ sagði þessi ungi og efnilegi kylfingur og bætti við að hann ætli að æfa vel í sumar og keppa sem mest til að lækka forgjöfina enn meira og reyna að ná í verðlaun á Íslandsmótinu.

# Störf í boði hjá Reykjanesbæ

## Störf í leik- og grunnskólum

- Akurskóli** - Kennari eða sérkennari
- Akurskóli** - Proskapjálfi
- Akurskóli** - Dönskukennari
- Félagsmiðstöð Háaleitisskóla** - Umsjónarmaður
- Háaleitisskóli** - Kennari í textílmennt
- Háaleitisskóli** - Grunnskólakennari á miðstigi
- Háaleitisskóli** - Grunnskólakennari á yngsta stig
- Heiðarskóli** - Aðstoðarskólalastjóri
- Myllubakkaskóli** - Kennari á miðstigi
- Drekadalur** - Deildarstjóri
- Leikskólinn Hjallatún** - Leikskólakennari
- Stapaskóli** - Starfsfólk skóla
- Stapaskóli leikskólastig** - Deildarstjóri
- Stapaskóli leikskólastig** - Kennari
- Tjarnarsel** - Leikskólakennarar

## Önnur störf

- Menningar- og þjónustusvið** - Þjónustufulltrúi í þjónustuveri
- Menntasvið** - Sálfræðingur
- Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026

# Lóa Björg Gestsdóttir ráðin skólastjóri Heiðarskóla

Lóa Björg Gestsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Heiðarskóla í Reykjanesbæ. Lóa Björg lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2005 og MLM gráðu í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst árið 2019.



ein umsókn hafi borist um stöðu skólastjóra í Heiðarskóla, frá starfandi skólastjóra Lóu Björgu Gestsdóttur, sem nú hefur verið ráðin í starfið.

„Það er umhugsunarefni að umsóknir um stjórnunarstöður í skólum hafa farið fækkandi undanfarinn áratug eða svo. Ekki einungis hjá okkur heldur einnig á landsvisu. Það má vera að í þessu tilfalli hafi það spurst út að starfandi skólastjóri myndi sækja um stöðuna og að það hafi dregið úr öðrum að sækja um starfið. En hvað sem því líður þá er niðurstaðan allavega góð. Ég er mjög ánægður með ráðningu Lóu Bjargar og vænti mikils af henni í framtíðinni,“ segir Helgi Arnarson.

Lóa Björg hefur starfað í Heiðarskóla undanfarin fjögur ár, sem aðstoðarskólastjóri í þrjú ár og undanfarið ár hefur hún leyst af sem skólastjóri. Hún tekur við skólastjórastarfinu af Bryndísi Jónu Magnúsdóttur sem lætur nú af störfum eftir farsælan feril í Heiðarskóla.

Helgi Arnarson, sviðsstjóri menntasviðs Reykjanesbæjar, segir í samtali við Víkurfréttir að aðeins



## Dróninn kíkti á strandveiðina

Strandveiðitímabilið er hafið og sjómenn hafa notað alla sjófæra daga til að skella sér á miðin allt í kringum Reykjanesskagann til að ná í dagsskammtinn af þeim gula. Hér er mynd sem við tókum í Garðsþjónum í síðustu viku þegar karlarnir á Sindra GK voru á skaki um sjómílu frá landi. Páll Ketilsson, myndatökumaður Víkurfréttu, sendi dróna til hafs og smelti af þessari mynd.



## Mundi

Er ekki náttúruleg urðun (fyrir sorp) einu sinni í mánuði við Grindavík?



## Hvetja íbúa til að flytja lögheimili til bæjarins

Málefni íbúa Grindavíkur og veiting grunnþjónustu leik- og grunnskóla voru til afgreiðslu á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þann 2. maí.

Bæjarráð tók á fundinum jákvætt í erindi Grindavíkurbæjar, sem var með upplýsingum til sveitarfélaga sem snúa að leik- og grunnskóla og frístundastarfi Grindavíkur, og áréttar mikilvægi þess að íbúar sem hyggjast búa í sveitarfélaginu flytji lögheimili sitt til að hægt sé að veita þeim þá þjónustu sem íbúar með skráð lögheimili eiga rétt á.

## Kosningar, körfubolti og kvikuhreyfingar

Það vantar ekki umræðuefni á Íslandi núna – kosningabaráttan í algleymingi, kvikuhreyfinga- og eldgosavaktin hjá Hilmari Braga kröftug sem aldrei fyrr og körfuboltatímabilinu að ljúka með stórkostlegu gengi Suðurnesjaliðanna allra hingað til.

Þegar þetta er skrifað liggur það fyrir að Keflavík mæti Njarðvík í kvennaboltanum, og draumaeinvígið í karlaboltanum er úr þessu auðvitað Keflavík (eða Grindavík) gegn Njarðvík. Það blasir við að Keflavíkurinn ég er auðvitað ekki í vandræðum með hvaða liði ég mun halda með í þessum einvígum. Þetta verður skemmtilegt og spennustigið á Suðurnesjum mun ekki minnka ef ósk mín um karlaleikinn rætist. En þetta viljum við Suðurnesjamenn og þetta kunnum við. Leikirnir eru aldrei betri en þegar baráttan er

innan fjölskyldunnar og rígurinn aldrei meiri. Það er nú samt þannig að þrátt fyrir baráttuna, rígin og nándina þá ríkir samt hjá þessum liðum öllum gagnkvæm virðing fyrir andstæðingnum. Baráttan er heidarleg, brjáláðir stuðningsmenn sem hvetja sín lið áfram. Þetta eru einfaldlega leikirnir sem skemmtilegast er að vinna.

Einhvern tímann var ég á fót-boltaleik í Keflavík og mamma mín stóð mig og krakkahópin í kringum mig að því að öskra af öllum kröftum „Úúúú á KR!!!“ Þegar við löbbaðum heim á Garðavegin eftir leikinn – sem tapaðist því miður – sagði hún mér að það væri kannski miklu betra í framtíðinni að hrópa bara „Áfram Keflavík“ í staðinn fyrir að úa á KR – það væri vænlegast til árangurs. Mamma mín vissi sínu viti því í næsta leik tókum við á

móti Val. Við krakkarnir hvöttum okkar menn áfram og viti menn – við unnum leikinn. Við vorum auðvitað sannfærð um að þetta væri allt okkur að þakka.

Mér varð hugsað til þessarar sögu þegar ég var að lesa eitthvað á netinu á sunnudaginn – sem einmitt var mæðradagurinn – um forsetakosningarnar. Frambjóðendur aldrei fleiri og af ýmsu tagi, mikil hreyfing á fylginu og spennan í hámarki. Ég sem áhugamaður um stjórnmál og kosningar af öllu tagi hef fylgst vel með hédan úr fjarlægð. Það sem mér finnst því miður einkenna þessa baráttu er þetta gamla, úrelta „Úúúú á KR“ viðhorf, bæði hjá einstaka frambjóðendum en ekki síst hjá stuðningsmönnum margra þeirra. Þetta verður til þess að venjulegt fólk nennir ekki að fylgjast með, nennir alls ekki að opinbera stuðning sinn

## LOKAORÐ



RAGNHEIDAR ELÍNAR

við einhvern frambjóðanda af ótta við að fá yfir sig holskeflu skítakommennta.

Þetta þarf að breytast. Mamma hafði rétt fyrir sér – tókum nú höndum saman og hvetjum okkar fólk.

Ég skal byrja: Áfram Keflavík og Kata Jak! Og síðast en ekki síst – áfram Hilmar Bragi – megir þú ná fyrstu myndinni af næsta gosi!

**UMFÍ**

ÍPRÓTTAKEPPNI, ALMENN HREYFING OG GLEÐI FYRIR 50 ÁRA OG ELÐRI.

**LANDSMÓT UMFÍ 50+**

VOGUM Á VATNSLEYSU-STRÖND

6.-9. JÚNÍ

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
UNGMENNAFÉLAGIÐ PRÓTTUR  
SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

ALLT UM MÓTIÐ  
UMFI.IS